



RE: Drög að leyfi RE: Umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands - Running Tide

Bréf: t-póstur

Upplýsingar um viðskiptavin:

Málsnúmer: UTN22030164

Netfang: "Kiddi Hrobjartsson" <kiddi@transition.global>

Númer skjals: UTN_CASE0046

Málalyklar: 34.R.001 Vísindarannsóknir, almennt

Eigandi skjals: Gísli Rúnar Gíslason

Staða: Rafrænt skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 18.08.2022

Dagsetning skjals: 08.07.2022



image001.jpg

Notandi: "Gísli Rúnar Gíslason" <gisli.gislason@utn.is>

Dagsetning: 8.7.2022 13:23:54

Til: "Kiddi Hrobjartsson" <kiddi@transition.global>

Afrit til: "Veturlíði Þór Stefánsson" <veturlidi.stefansson@utn.is>, "Kiddi Hróbjartsson"

<kiddi@runningtide.com>

Efni: RE: Drög að leyfi RE: Umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands - Running Tide

Sæll Kiddi.

Lagfæri í samræmi við athugasemdir 1-3.

Hvað fjórðu athugasemdina varðar þá þurfa stofnanir eins og Hafrannsóknarstofnun og Umhverfisstofnun að fá aðgang að öllum upplýsingum. Stjórnvöldum er óheimilt að veita almenningi aðgang að gögnum er varða mikilvæga virka fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila sbr. 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Það er hægt að merkja þann hluta niðurstaðna sem teljast viðskiptaleyndarmál sem trúnaðarmál eða undanþegin upplýsingarétti almennings skv. 9. gr. upplýsingalaga.

[IMAGE]

Gísli Rúnar Gíslason

Lögfræðingur | Laga- og stjórnsýsluskrifstofa |

Utanríkisráðuneytið

Legal Adviser | Directorate for Legal and Executive

Affairs | Ministry for Foreign Affairs, Iceland

Tel. +354 545 9900 / +354 770 5027 | email:

gislir@mfa.is |

www.utanrikisraduneyti.is | www.mfa.is |

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

From: Kiddi Hróbjartsson <kiddi@transition.global>
Sent: miðvikudagur, 6. júlí 2022 16:24
To: Gísli Rúnar Gíslason <gisli.gislason@utn.is>
Cc: Veturlíði Þór Stefánsson <veturlidi.stefansson@utn.is>; Kiddi Hróbjartsson <kiddi@runningtide.com>
Subject: Re: Drög að leyfi RE: Umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands – Running Tide

Sælir herra menn og takk fyrir þetta.

Eg bæti við Running Tide emailinu minnu.

Hef fjórar litlar athugasemdir/tillögur:

- Í efnisgrein 2, síða 1, segir “50,000 tonn” > á að vera “500,000 tonn” í samræmi við póstinn og samtöl.
- Í efnisgrein 6, síða 1, segir “Þá benti Umhverfisstofnun á að sækja þurfi um leyfi stofnunarinnar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna flothylkja sem ráðgert er að sökkvi á hafsbotn.” > Legg til: “Þá benti Umhverfisstofnun á að fleyting flothylkja gæti fallið undir 9. gr. Laga nr. 33/2004 ...” í samræmi við umsögnina sem þau veittu.
- Í efnisgrein 1, síðu 2, segir “fleytingu 50,000 tonna af þörungum” > ætti að vera “fleytingu 50,000 tonna af flothylkjum” (því þörungurinn vex svo á því).
- Skilyrði nr 2: Er hægt að setja inn “allar niðurstöður sem ekki eru viðskiptaleyndarmál” eða eitthvað svipað?

Alltaf laus í síma ef eitthvað!

Kv Kiddi (8235253)

On Wed, Jul 6 2022 at 2:02 PM, Gísli Rúnar Gíslason <gisli.gislason@utn.is> wrote:

Sæll Kiddi.

Hjálögð eru drög að leyfi vegna umsóknar sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 10. mars sl. að teknu tilliti til viðbótarupplýsinga sem bárust 22. júní sl.

Í drögunum er tekið mið af umsögnum sem ráðuneytið aflaði frá Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun, Landhelgisgæslu Íslands og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 31/1993 er veittur kostur á því að Running Tide tjái sig um efni leyfisdraganna áður en tekin verður ákvörðun. Veittur er frestur til 15. júlí n.k. til að skila skriflegum athugasemdum. Berist engar athugasemdir fyrir þann tíma er áformað að veita leyfið.

kv. GRG

[IMAGE]

Gísli Rúnar Gíslason

Lögfræðingur | Laga- og stjórnarsýsluskrifstofa |
Utanríkisráðuneytið

Legal Adviser | Directorate for Legal and Executive
Affairs | Ministry for Foreign Affairs, Iceland

Tel. +354 545 9900 / +354 770 5027 | email:

[gisli@mfa.is](mailto:gislir@mfa.is) |

www.utanrikisraduneyti.is | www.mfa.is |

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

From: Kiddi Hrobjartsson <kiddi@transition.global>

Sent: miðvikudagur, 22. júní 2022 11:18

To: Gísli Rúnar Gíslason <gisli.gislason@utn.is>

Subject: Re: Umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands – Running Tide

Sælir,

Vegna rannsóknarleyfis:

Vísað er til samtals um umsókn um rannsóknarleyfi frá 10 mars. Til viðbótar við umsóknina koma hér tvær viðbætur.

1. Tímarammi

Running Tide sækir um leyfi til rannsókna á tímabilinu 1. júlí 2022 til 1. júlí 2025.

2. Umfang:

Running Tide sérhæfir sig í að stuðla að bættri heilsu hafsins með því að nýta og auka virkni náttúrulegra ferla hafsins til kolefnisbindingar, og minnka súrnun sjávar.

Aðferð Running Tide snýst eins og fyrr segir um að fleyta flotefni sem m.a. eru nýtt fyrir ræktun á þara og til að minnka súrnun sjávar. Hluti rannsóknar er að mæla og greina áhrif á hafið og lífríki þess og því mikilvægt að Running Tide fari ekki í stórvægilegar aðgerðir fyrr en félagið hefur safnað gögnum um öryggi þess.

Hafið er gríðarstórt og vandamálið sömuleiðis. Skýrsla IPCC gerir skýrt að við þurfum að binda allt að 10 gíгатonn á ári (eða 10.000.000 Kt) til að eiga möguleika á að halda í við 1.5° markmið Parísarsáttmálans.

Running Tide er í samstarfi við [Ocean Visions](#) sem er alþjóðleg stofnun með það að markmiði að hraða vísindarannsóknum og þróun sjálfbærra lausna til að bæta heilsu hafsins. Í samráði við þau hefur Running Tide framkvæmt minni rannsóknir og unnið að undirbúningi á þessari rannsókn sem nú er áætlað að hefja. Byggt á ráðgjöf og áliti Ocean Visions og þeirra sérfræðinga, sem og [álitum sjálfstæðs vísindaráðs](#) Running Tide er eðlilegt næsta skref að vinna að því að fleyta allt að 1,000 KT (1 megaton), til að geta mælt og séð áhrif aðferðarinnar.

Running Tide áætlað að fleyta allt að 500 Kt á næstu þremur árum (2022: 25 kT; 2023: 125kT; 2024: 175 kt; 2025: 125 kt) sem hluta af rannsóknaráætlunum sínum.

On Thu, 17 Mar 2022 at 13:40, Kiddi Hrobjartsson <kiddi@transition.global> wrote:

Takk fyrir það!

On Thu, Mar 17 2022 at 1:31 PM, Gísli Rúnar Gíslason <gisli.gislason@utn.is> wrote:

Heill og sæll Kiddi.

Umsóknin verður send til venjubundinnar umsagnar hjá Hafrannsóknarstofnun og Landhelgisgæslu Íslands. Auk þess var ákveðið að umsóknin verði send til umsagna Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar með hliðsjón af eðli verkefnisins og lögbundnum hlutverkum stofnananna, t.d. skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Umsagnarfrestur stofnanna er til 8. apríl. Ráðuneytið ætti því að geta tekið afgreitt umsóknina fyrir páska.

[IMAGE]

Gísli Rúnar Gíslason

Lögfræðingur | Laga- og stjórnsýsluskrifstofa |
Utanríkisráðuneytið

Legal Adviser | Directorate for Legal and Executive
Affairs | Ministry for Foreign Affairs, Iceland

Tel. +354 545 9900 / +354 770 5027 | email:

[gisli@mfa.is](mailto:gislir@mfa.is) |

www.utanrikisraduneyti.is | www.mfa.is |

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

From: Kiddi Hrobjartsson <kiddi@transition.global>

Sent: miðvikudagur, 16. mars 2022 13:59

To: Anna Jóhannsdóttir <anna.johannsdottir@utn.is>

Cc: Jóhann Þorvaldur Bergþórsson <johann@transition.global>; Utanríkisráðuneytið <utn@utn.is>; Heiðrún Ýrr Júlíusdóttir <heidrun.juliusdottir@utn.is>; Gísli Rúnar Gíslason <gisli.gislason@utn.is>

Subject: RE: Umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands – Running Tide

Vitum við hvenær þetta verður tekið fyrir?

Kv Kiddi

On Thu, Mar 10 2022 at 7:49 PM, Kiddi Hrobjartsson <kiddi@transition.global> wrote:

Takk sömuleiðis, hlakka til að heyra frá ykkur.

On Thu, Mar 10 2022 at 12:23 PM, Anna Jóhannsdóttir <anna.johannsdottir@utn.is> wrote:

Sæll Kristinn.

Takk fyrir póstinn. Ég hef afritað póstfang skjalastjórnunar ráðuneytisins sem mun stofna mál í okkar kerfum til að koma umsókninni í ferli og afgreiðslu.

[IMAGE]

Anna Jóhannsdóttir

Skrifstofustjóri Laga- og stjórnsýsluskrifstofu |
Director General for Legal and Executive Affairs

Utanríkisráðuneytið | Ministry for Foreign Affairs,
Iceland

Tel. +354 545 9975 | email: annaj@mfa.is |
www.utanrikisraduneyti.is | www.mfa.is

From: Kiddi Hrobjartsson <kiddi@transition.global>

Sent: fimmtudagur, 10. mars 2022 12:13

To: Anna Jóhannsdóttir <anna.johannsdottir@utn.is>

Cc: Jóhann Þorvaldur Bergþórsson <johann@transition.global>

Subject: Umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands – Running Tide

Sæl Anna,

Ég heiti Kristinn og sendi hér með inn umsókn fyrir hönd Running Tide Iceland ehf. (Óstofnað dótturfélag Running Tide Technologies, Inc) vísindarannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands samkvæmt lögum nr. 41/1979.

Umsóknin er viðhengd. Ég fann ekki upplýsingar um hvert á að senda umsóknina svo ég sendi á þig, endilega láttu mig vita ef ég á að senda hana annað. Ef einhverjar spurningar vakna, ekki hika við að hafa samband. Nærð á mig í 823 5253 líka.

Með kveðju,

Kristinn